

**Guðmundur Óli Gunnarsson** hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá stofnun hennar. Guðmundur Óli stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Kópavogi og Tónlistarskólann í Reykjavík, en fór síðan til náms við Tónlistar-háskólann í Utrecht í Hollandi og lauk þaðan prófi í hljómsveitarstjórn. Hann stundaði framhaldsnám hjá Jorma Panula í Helsinki og sótti nokkur námskeið í hljómsveitarstjórn. Guðmundur Óli hefur starfað sem hljómsveitarstjóri með Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði á tónleikum og við upptökur. Hann hefur komið fram sem stjórnandi



Kammersveitar Reykjavíkur, Íslensku hljómsveitarinnar og er fastur stjórnandi CAPUT. Með CAPUT hefur hann komið fram bæði heima og víða erlendis. Hann hefur unnið upptökur fyrir útvarp og útgáfur hér heima og erlendis. Guðmundur Óli hefur stjórnað frumflutningi verka margra tónskálda, stjórnað kórum og hljómsveitum áhugamanna og nemenda.

Af óperuuppfærslum sem Guðmundur Óli hefur stjórnað má nefna La Bohème og La traviata auk nokkurs fjölda óperutónleika. Þá hefur hann stjórnað ýmsum öðrum stærri söngverkum með hljómsveit á borð við sálumessur eftir Verdi, Mozart, Brahms og Fauré, Sköpun Haydns, Messías eftir Handel, Elía Mendelssohns, Carmina Burana eftir Orff og messur eftir Beethoven, Mozart og Schubert. Guðmundur Óli hefur gegnt starfi tónlistarstjóri Íslensku óperunnar frá vori 2013.